

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 96/2005

frá 8. júlí 2005

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2005 frá 10. júní 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 37/2005 frá 12. janúar 2005 um eftirlit með hitastigi í flutningatækjum, geymslum og pakkhúsum fyrir hraðfryst matvæli ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/5/EB frá 26. janúar 2005 um breytingu á tilskipun 2002/26/EB að því er varðar aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með magni okratoxíns A í tilteknum matvælum ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/10/EB frá 4. febrúar 2005 um sýnatöku- og greiningaraðferðir vegna opinbers eftirlits með magni bensó(a)pýrens í matvælum ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2005/108/EB frá 4. febrúar 2005 um frekari rannsókn á magni fjölrhinga, arómatískra vetniskolefna í tilteknum matvælum ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.
- 6) Með reglugerð (EB) nr. 37/2005 er felld úr gildi tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 92/1/EBE ⁽⁶⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana brott.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zx (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/26/EB):

„- **32005 L 0005**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/5/EB frá 26. janúar 2005 (Stjtið. ESB L 27, 29.1.2005, bls. 38).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 13.10.2005, bls. 7 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 13.10.2005, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 10, 13.1.2005, bls. 18.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 27, 29.1.2005, bls. 38.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 34, 8.2.2005, bls. 15.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 34, 8.2.2005, bls. 43.

⁽⁶⁾ Stjtið. EBL 34, 11.2.1992, bls. 28.

2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 54zzq (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1452/2003):
 - „54zzr. **32005 R 0037**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 37/2005 frá 12. janúar 2005 um eftirlit með hitastigi í flutningatækjum, geymslum og pakkhúsum fyrir hraðfryst matvæli (Stjtíð. ESB L 10, 13.1.2005, bls. 18).
 - 54zzs. **32005 L 0010**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/10/EB frá 4. febrúar 2005 um sýnatöku- og greiningaraðferðir vegna opinbers eftirlits með magni bensó(a)pýrens í matvælum (Stjtíð. ESB L 34, 8.2.2005, bls. 15).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 59. lið (C/345/93/bls. 3: Orðsending framkvæmdastjórnarinnar):
 - „60. **32005 H 0108**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2005/108/EB frá 4. febrúar 2005 um frekari rannsókn á magni fjölhringa, arómatískra vetniskolefna í tilteknum matvælum (Stjtíð. ESB L 34, 8.2.2005, bls. 43).“
4. Texti liðar 54c (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 92/1/EBE) falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 37/2005, tilskipana 2005/5/EB og 2005/10/EB og tilmæla 2005/108/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júlí 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júlí 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.